

Kransæðamyndataka (hjartaþræðing)

Kransæðamyndataka (hjartaþræðing) er röntgenrannsókn sem gerð er til að meta ástand kransæðanna. Ef þörf er á kransæðavíkkun er hún yfirleitt gerð í beinu framhaldi.

Aðgerðin er gerð á hjartaþræðingastofu spítalans og tekur um eina klukkustund.

Undirbúningur

Símainnritun

Hjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð og staðfestir aðgerðardag. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtali verður spurt um:

- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Reykingar
- Heilsufar og sjúkdóma

Lyfjanotkun


Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina.

Rannsóknir

Í símaviðtalinu er ákveðinn tími fyrir blóðsýnatöku og hjartalínurit.

Áhætta

Öllum inngripum í æðakerfi líkamans fylgir einhver áhætta. Þinn hjartalækni telur þörf á að þú farir í kransæðamyndatöku, hjartaþræðingu. Rætt verður um mögulega áhættu og ávinning í viðtali fyrir aðgerð.



Kostnaður

Greiða þarf fyrir símánnritun og rannsóknir.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru.

Upplýsingar um ávísuð lyf er hægt að nálgast á vefsíðunni www.heilsuvera.is

Fasta

Ekki þarf að fasta fyrir hjartaþræðingu og ráðlagt er að fá sér léttan morgunmat svo sem brauðsneið og vatnsglas (ekki má drekka kaffi eða te) áður en komið er á spítalann.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir rannsókn.

Við innlögn á deild

Gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu. Ráðlagt er að skilja skartgrip og verðmæti eftir heima

Tími í aðgerð

Kransæðamyndataka tekur yfirleitt um klukkustund en kransæðavíkkun getur tekið lengri tíma eftir umfangi.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, föðunarvörur, naglalakk, ilmefti eða skartgrip eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Lyf

Taka á morgunlyfin heima nema annað sé tiltekið í undirbúningsviðtali.

Mæting er á Hjartagátt 10D í kjallara Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð. Settur er æðaleggur í bláæð. Í aðgerðinni er gefið róandi lyf og grannur leggur þræddur inn í slagæð frá úlnið eða nára að upptökum kransæða. Skuggaefni er gefið og röntgenmyndir teknar. Þrýstingur er notaður til að loka stungustaðnum.

Eftir kransæðamyndatöku

- Drekkja má og borða við komu á deild.
- Ef stungið hefur verið á slagæð í nára þarf að liggja í rúminu í 4 klst.
- Mikilvægt er að liggja á bakinu og lyfta ekki höfði, þar sem hreyfing eykur blæðingarhættu. Ef stungið hefur verið á slagæð við úlnlið er metið í hverju tilviki fyrir sig, hvort þurfi að liggja í rúmi eða óhætt sé að sitja í hægindastól.
- Útskrift er ætluð samdægurs um 5-6 klukkustundum eftir kransæðamyndatöku.


Kransæðavíkkun

Ef gera þarf kransæðavíkkun er það yfirleitt gert í beinu framhaldi af myndatökunni. Þá er æðalegg komið fyrir í ósæðarrót við upptök kransæðar sem hefur þrengst og örfinn vír þræddur í gegnum þrengsli. Leggur með belg er síðan þræddur yfir vírinn og þaninn með vökva. Oft er sett stoðnet til að draga úr líkum á endurþrengslum.

- Ef stungið hefur verið á slagæð í nára er stungustaðnum lokað með bandvefstappa sem eyðist á 6-8 vikum.
- Ef stungið hefur verið á slagæð við úlnlið eru þrýstingsumbúðir settar á stungustað við úlnlið og þrýstingi aflétt á 4 - 6 klst.

Eftir kransæðavíkkun

- Fylgst er með hjartslætti og blóðþrýstingi í hjartarafsjá og tekið hjartalínurit.
- Drekkja má við komu á deild 10 D og borða klukkustund síðar.
- Ef stungið hefur verið á slagæð við úlnlið er þörf á rúmlegu metin í hverju tilfelli fyrir sig.
- Ef stungið hefur verið á slagæð í nára þarf að liggja í rúminu a.m.k. í 4 klst. Mikilvægt er að liggja á bakinu og lyfta ekki höfði, þar sem hreyfing eykur blæðingarhættu. Að þeim tíma loknum má fara fram úr og ganga um.
- Hjartasérfræðingur metur hvort útskrift heim er að kvöldi aðgerðardags eða daginn eftir.



SS 07/19 / 1/100

Eftir útskrift

Stungustaður

Hlifa þarf stungustað með plástri fyrstu dagana og gæta þess að umbúðir séu alltaf þurrar. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir rannsókn en biðja þarf með að fara í baðkar eða sund í 4-5 daga. Búast má við eymslum í stungustað í 1-2 daga eftir rannsókn.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu og að lyfta þungum hlutum fyrstu dagana eftir rannsókn.

Vinna

Það fer eftir eðli starfs og líðan, hvenær má byrja að vinna aftur.

Hafa þarf samband við Hjartagátt ef eftirfarandi einkenni gera vart við sig viku eftir að heim er komið:

- Brjóstverkur eða yfirlíðakennd.
- Blæðing, mar eða fyrirferð sést við stungustað.
Lítið mar og fyrirferð getur þó verið eðlilegt.
- Verkur, hiti eða ef þroti eykst við stungustað.

Hjartagátt 10D er opin virka daga frá klukkan 8 til 21, sími 543 2050. Ef Hjartagátt 10D er lokuð má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um vakthafandi deildarlækni á lyflækningasviði Hringbraut fyrstu vikuna eftir aðgerð.

Ef bráð vandamál koma upp utan opnunartíma Hjartagátta þarf að leita til bráðamóttöku í Fossvogi sem er opin allan sólarhringinn.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
LYFLÆKNINGASVIÐ
NÓVEMBER 2018
LSH-727

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR OG
DEILDARSTJÓRI HJARTA- OG
ÆÐAÞRÆÐINGARSTOFU

UMBROT:
SAMSKIPTADEILD